



2. útgáfa 28.02.2017

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	<b>TORK handhreinsikvoða</b>		
Vörunúmer:	6487 520101		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Hreinsi-/sóttahreinsikvoða á hendur. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirhagjandi.		
1.3 Söluaðili:	<b>N1</b>	<b>Framleiðandi:</b>	SCA Hygiene Products AB
	Dalvegur 10-14		Baekstengsgatan 5
	201 Kópavogur		SE-405 03 Gautaborg, Svíþjóð
Sími:	440 1000		00-46-8-788-5100
Netfang:	<a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>		<a href="mailto:info@sca.com">info@sca.com</a>
Veffang:	<a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>		<a href="http://www.sca.com">www.sca.com</a>
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
	H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættutákn			
Viðvörðunarorð	<b>HÆTTA</b>		
Hættusetningar	H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	
	H318	Veldur alvarlegum augnskaða	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.	
	P233	Ílát skal vera vel lukt.	
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.	
	P370+P378	Ef eldur kemur upp: Notið koldíoxíð, slökkviduft, froðu eða sand til að slökkva eldinn.	
	P501	Fargið innihaldi hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. ( <b>PBT</b> : Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. <b>vPvB</b> : Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		
	Sjá einnig 11. og 15. lið.		

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Etanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	65,0
Raðnúmer	603-002-00-5	Varnaðarmerki:	F
EINECS, ELINECS	200-578-6	H-setningar	H11
CAS	64-17-5	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225			

Própan-1-ól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10,0
Raðnúmer	603-003-00-0	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-746-9	H-setningar	H11, H36, H67
CAS	71-23-8	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H336			

Própan-2-ól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457558-25	Innihald %	< 0,1
Raðnúmer	603-117-00-0	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-661-7	H-setningar	H11, H36, H67
CAS	67-63-0	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Veitið öndunaraðstoð ef nauðsynlegt er og leitið lækni.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í amk 20 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni. Haldið áfram skolun á leið.
Inntaka	Skolið munn og gefið mikið vatn að drekka. Leitið lækni við vanlíðan og sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við augu	Getur valdið alvarlegri ertingu.
Inntaka	Ógleði, svimi, höfuðverkur við inntöku mikils magns.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviflut, froða, sandur, vatnsúði. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

## 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er mjög eldfim. Myndar kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, eld- eða sprengifimar blöndur með lofti, hættulegar gufur, þyngri en loft sem geta borist nokkrar vegalengdir með gólfi að íkveikjuvöldum.

## 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Fjarlægið eld- og neistagjafa, reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði, notið persónuhlífar. Varan getur myndað hálkubletti.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða, sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði með miklu vatni.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sprengihætta. Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

---

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri íkveikjuvöldum. Reykið ekki. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum. Getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Notið jarðtengdan og neistavarinn búnað.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað með efnaheldu gólfi. Forðist mengun af völdum annarra efna. Geymið fjarri beinu sólarljósi og háu hitastigi.

### 7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

---

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

---

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	
Etanól	1000	1900	2000	3800	WEL
Própan-1-ól	200	500	250	625	WEL
Própan-2-ól	200	500	800	2000	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

## 8.2 Váhrifavarnir: Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

### Persónuhlífar



### Augnhlífar Húð - hendur Húð - annað Öndunarfæri

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166) sé þess talin þörf. Almenn er ekki þörf á notkun hanska. Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar. Notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur, fari styrkur gufu yfir viðmiðunarmörk.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Alkóhóllykt
Litur:	Litlaus/ljósgulur - glær
pH:	5,5
Suðumark:	78,6°C (97,8 kPa)
Blossamark:	20°C
Eðlismassi við 20°C:	0,845-0,854 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Leysanlegt

### 9.2 Annað

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er mjög eldfim. Myndar kolefnisoxíð, eitruð lífræn niðurbrotsefni, eld- eða sprengifimar blöndur með lofti, hættulegar gufur, þyngri en loft sem geta borist nokkrar vegalengdir með gólfi að íkveikjuöldum.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Varan getur valdið alvarlegum augnskaða (pH =5,5).

Etanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	10470	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	117-125	mg/l	rotta	

Própan-1-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD <sub>50</sub>	1870	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC <sub>50</sub>	>33,8	mg/l/4 klst		

Própan-2-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC <sub>50</sub>	>10000	ppm	rotta	

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrhíf:

Ekki eru þekkt nein skaðleg áhrif af völdum vörunnar.

Etanól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhíf	LC <sub>50</sub>	>14200 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhíf	EC <sub>50</sub>	5012 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrhíf	ErC <sub>50</sub>	275 mg/l		Þörungar	

Própan-1-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhíf	LC <sub>50</sub>	4480 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhíf	EC <sub>50</sub>	3644 mg/l	48 klst	Daphnia	

Própan-2-ól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhíf	EC <sub>50</sub>	>10000 mg/l	24 klst	Daphnia	

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

## 14. Upplýsingar um flutninga

<b>ADR:</b>	
UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S.
Hættuflokkur:	3 (33)
Pökkunarflokkur:	II
Hættuundirflokkur:	F1
Mengunarhætta:	Nei

Varúðarmerking



<b>IMDG:</b>	
UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S.
Hættuflokkur:	3
EmS:	F-E, S-D
Pökkunarflokkur:	II
Mengunarhætta:	Nei



<b>IATA:</b>	
UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S.
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II



---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.

Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima

Útgáfa/Dags: 2/28.02.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**SCA HYGIENE PRODUCTS AB**

**Safety data sheet according to Regulation (EC) No. 453/2010**

**TORK ALCOHOL FOAM HAND SANITIZER**

Útgáfa:

19.09.2014 Endurskoðun 1.0